

Samkomulag vegna orlofs- og desemberuppbótar sem greidd er út jafnharðan með tímakaupi

Með samkomulagi dags. 14. mars 2014 voru orlofs- og desemberuppbætur hækkaðar um kr. 30.000 umfram þá 2,8% hækkun sem gert er ráð fyrir í kjarasamningi frá 21. desember 2013. Orlofsuppbót hækkar um kr. 10.000 og desemberuppbót um kr. 20.000. Þar sem orlofs- og desemberuppbætur eru greiddar út jafnharðan með kaupi þá hækka þessar uppbætur um samtals kr. 14,43 á klst. í dagvinnu frá **1. maí 2014**. Hækkun orlofsuppbótar er þar af kr. 4,81 á klst. og desemberuppbót kr. 9,62 á klst.

Þar sem sérstök hækkun orlofsuppbótar sem hluti tímakaups nær einungis til nýs orlofsárs þá greiðist viðbótin vegna orlofsársins 2013 - 2014 út sem eingreiðsla. Því ber eigi síðar en 1. júní 2014 að greiða kr. 10.000 orlofsuppbót m.v. fullt starf á orlofsárinu 2013 – 2014 en annars hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall.

Sérstök hækkun desemberuppbótar sem hluti tímakaups nær einungis til átta mánaða á almanaksárinu 2014 og greiðist því eigi síðar en 15. desember 2014 kr. 7.200 m.v. fullt starf á árinu 2014 en annars hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall á árinu.

Samningsaðilar eru sammála um að mikilvægt sé við ráðningu að starfsmaður sé upplýstur um hvort uppbætur séu innifaldar í umsömdu tímakaupi. Það er hlutverk vinnuveitanda að tryggja sönnun þess að uppbætur séu innifaldar í kaupi.

Þar sem orlofs- og desemberuppbót er innifalin í reiknitölu ákvæðisvinnu múrara, pípara og málara leiðir ofangreind hækkun uppbóta til breytinga á reiknitölum. Verða þær **frá 1. maí 2014** sem hér segir:

Múrarakar	96,35
Píparakar	12,09
Málarakar	7,32

Reykjavík, 31. mars 2014

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



F.h. Samtaka atvinnulífsins

